

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 975/2004 um vinnu- og hvíldartíma skipverja á íslenskum fiskiskipum.

1. gr.

Við 1. mgr. 11. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi:

Með reglugerðinni eru jafnframt innleidd ákvæði tilskipunar ráðsins (ESB) 2017/159 um framkvæmd samningsins um framkvæmd samþykktar Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar um vinnu við fiskveiðar, 2007, sem gerður var 21. maí 2012 milli Samtaka samvinnufélaga í landbúnaði í Evrópusambandinu (Cogeca), Sambands félaga flutningaverkamanna í Evrópu (ETF) og Bandalags landssamtaka fiskveiðifyrirtækja í Evrópusambandinu (Europêche), sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 178/2021 frá 11. júní 2021. Tilskipunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, nr. 49/2021, frá 22. júlí 2021, bls. 164-187.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 8. og 64. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985 og öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 18. maí 2022.

F. h. r.

Ólafur Kr. Hjörleifsson.

Eggert Ólafsson.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.